

11. fundur stjórnar

Starfsárið 2025-2026

23. september 2025

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Sigga Ösp
(áheyrnarfulltrúi félagaráðs), Kári (framkvæmdastjóri)

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 15:35

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta stjórnarfundar.

2. Barna- og ungmennastarf

Hrefna og Jóna frá Hinsegin félagsmiðstöð eru gestir fundarins. Þær segja frá barna- og ungmennastarfinu vítt og breytt og stöðunni á því undanfarið, og svara spurningum stjórnarliða. Stjórn þakkar Hrefnu og Jónu innilega fyrir heimsókn á fundinn og fyrir vel unnin störf í þágu hinsegin barna og ungmenna.

3. Stjórnar- og staffahelgi

Stjórnar- og staffahelgi er um næstu helgi. Kári segir frá dagskrá í stórum dráttum.

4. ILGA-Europe

Kári og Bjarndís fara á ráðstefnu ILGA-Europe í Vilnius í október. Þaðan fara þau til Helsinki á fund norrænna félaga. Kári segir frá.

5. Önnur mál

a. Sigríður Ösp segir frá hugmynd úr félagaráði. Ráðið vill heyra í hagsmunafélögum Samtakanna og ræða hlutverk þeirra og sýn. Ráðið tæki svo saman niðurstöður og kynnti til stjórnar. Stjórn fagnar frumkvæði félagaráðs. Framkvæmdastjóri tekur málið áfram.

b. Út er komin bókin *Hinsegin saga*, þemahefti um sögu hinsegin fólks á Íslandi fyrir samfélagsfræði í grunnskóla. Þetta er með fyrstu yfirlitum um íslenska hinsegin sögu sem kemur út. Stjórn fagnar þessu.

Fundi slitið: 16:31.